

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttur  
Dags. 25. október 2019  
Mnr. 2019100077



ÍSAFJARÐARBÆR

## Loftræstikerfi í Stjórnsýsluhúsi

Stjórnsýsluhúsið er 30 ára gömul bygging og loftræsisamstæður ekki endurnýjaðar. Starfsmenn hafa kvartað yfir þurru og þungu lofti og takmörkuðum leiðum til að auka loftgæði. Starfsmenn hafa kvartað yfir sárindum í hálsi, augum, húð o.fl. auk þess sem lykt úr eldhúsi dreifist út um allt hús. Mælingar hafa verið framkvæmdar sem staðfesta að loftgæðin eru undir viðmiðunarmörkum. Enn fremur skal tekið fram að engin loftræsting er í þeim hluta húsnæðisins er hýsir velferðarsvið. Húsfélag Stjórnsýsluhússins á Ísafirði óskaði eftir því við Verkís að taka út loftræstikerfi hússins og koma með tillögur til úrbóta.

Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir 10 milljónum króna í loftræstikerfi í Stjórnsýsluhúsinu. Ísafjarðarbær á um 30% af húsnæðinu í Stjórnsýsluhúsinu. Við ákvörðun um fjárhæðir í fjárfestingaráætlun var unnið út frá upplýsingum úr úttekt Verkís á loftræstikerfinu sem bar með sér að kostnaðurinn yrði á milli 30 og 40 milljónir. Ný kostnaðaráætlun kom frá Verkís í október 2019, þar sem teiknaðar hafa verið inn þær lagfæringar sem á að gera og ný kostnaðaráætlun lögð fram, þ.e.a.s. 86 milljónir sem væri þó takmörkunum háð þar sem ekki lægi fyrir hvernig skipulag framkvæmdanna yrði. Kom þetta fram við vinnu þeirra að skipulagningu útboðs. Verkið er nánast tilbúið til útboðs.

Þegar litið er til nýrrar kostnaðaráætlunar er ljóst að 10 milljón krónur í hlut Ísafjarðarbæjar í framkvæmdinni duga skammt. Undirrituð leggja til að bæjarráð vísi verkinu til fjárfestingaráætlunar 2020 umfram þær 10 milljónir sem gert er ráð fyrir á árinu 2019 að því gefnu að hægt verði að hefjast handa við verkið á árinu 2019.

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari

Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri